

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 66/1066.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Hannesi Þóri Hávarðssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hannes Þórir Hávarðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. apríl 1966.

Ár 1966, mánudaginn 4. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 206/1966: Ákærvaldið gegn Hannesi Þóri Hávarðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 21. febr. s.l., gegn Hannesi Þóri Hávarðssyni, atvinnu- og heimilisláusum, fæddum 28. ágúst 1934 í Reykjavík, fyrir þjófnað og skjalafals, sem þannig er rakið í ákæru:

„I. Fyrir að stela í síðari hluta janúar 1966 frá Sigfinni Karls-

syni, framkvæmdastjóra Sæsilfurs h/f í Neskaupstað, úr herbergi hans á Hótel Borg í Reykjavík tveimur tékkávísanaeyðublöðum úr ávísanahefti nefnds fyrirtækis á útibú Landsbanka Íslands á Eskifirði, A Nr. 58305 og A Nr. 58306, en eyðublöðin voru óútfyllt að því undanteknu, að við undirritunarstaðinn hafði verið settur stimpillinn „pr. pr. Sæsilfur h.f.“

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Að falsa á nefnd eyðublöð ódagsettar ávísanir og nota þær í viðskiptum, sennilega báðar 21. janúar 1966 eða um það bil, þannig:

A. Rita á eyðublaðið A Nr. 58305 kr. 2.500.00 ávísun á hlaupa-reikning nr. 262 til handa „Haldóri Bjarnasini“, undirrita sem útgefanda nafnið Helgi Bjarnason og framselja með nafninu „Haldór Bjarnason, Safamíri 16“. Nöfn þessi og reikningsnúmer valdi ákærði af handahófi. Með ávísunina, þannig úr garði gerða, fór hann í verzlun Silla & Valda í Austurstræti í Reykjavík og keypti þar eitthvað smávegis, sem hann greiddi með ávísuninni, en fékk mismuninn í peningum.

B. Rita á eyðublað A Nr. 58306 kr. 1.500.00 ávísun á hlaupa-reikning nr. 265 til handhafa, undirrita sem útgefanda nafnið Helgi Magnússon og framselja með nafninu Þorvaldur Magnússon 12469. Nöfn þessi og reikningsnúmer valdi ákærði af handahófi. Með ávísunina þannig úr garði gerða fór hann í verzlunina Herrahúsið h/f í Aðalstræti 4 í Reykjavík, keypti þar skyrtu, sem hann greiddi með ávísuninni, en fékk mismuninn greiddan í peningum.

Teljast þessir verknaðir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er leitt í ljós, að einhvern tíma síðari hluta janúarmánaðar s.l. tók ákærði í heimildarleysi tvö tékkaeyðublöð úr eyðublaðahefti Sigfinns Karlssonar frá Neskaupstað, framkvæmdastjóra Sæsilfurs h/f, en hefti þetta var frá útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði. Eyðublöðin voru stimpluð „pr. pr. Sæsilfur h.f.“, en ekki útfyllt að öðru leyti. Sigfinnur var á umræddum tíma hér í borg og bjó á Hótel Borg. Kveðst ákærði hafa komið í herbergi

Sigfinns með öðrum manni og tekið þá eyðublöðin, en heftið hafi verið í opinni tösku í herberginu.

Ákærði ritaði síðan tékka á bæði eyðublöðin. Fjárhæð annars tékkans var kr. 2.500.00, og var hann gefinn út til Haldórs (sic) Bjarnasonar á reikning nr. 262 og undirritaður Helgi Bjarnason og framseldur þannig: „Haldór Bjarnason, Safamíri 16“. Tékka þennan seldi ákærði í verzlun Silla & Valda í Austurstræti.

Hinn tékkinn er kr. 1.500.00, útg. til handhafa á reikning 265 og undirritaður Helgi Magnússon og framseldur þannig: „Þorvaldur Magnússon 12469“. Þennan tékka seldi ákærði í verzluninni Herrahúsinu í Aðalstræti 7. Hvorugur tékkinn var dagsettur.

Ákærði kveðst sjálfur hafa ritað tékkana að öllu leyti og ritað reikningsnúmer og nöfn af handahófi.

Niðurstöður:

Ákærði tók tékkaeyðublöðin í heimildarleysi, en þar eð fjárverðmæti þeirra er lítið sem ekkert, verða þau ekki talin geta verið andlag þjófnaðar. Ber að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði notaði tvö skjöl, er hann hafði falsað, til þess að blekkja með þeim í lögskiptum. Varða þessi brot við 155. gr. alm. hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur áður, 10 sinnum, verið dæmdur til refsingar, svo sem hér greinir:

- 1954 15/5: 9 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir brot gegn 231., 244. og 245. gr. alm. hegningarlaga.
- 1955 2/11: 2.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur.
- 1955 13/12: 15 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1956 25/1: 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
- 1957 3/6: 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1962 26/1: 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
- 1963 13/5: 45 daga fangelsi, skilorðsb. (svo) fyrir nytjástuld og áfengis- og umferðarlagabrot.
- 1964 26/5: 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
- 1964 23/11: 2 mán. hegningarauki fyrir líkamsárás.
- 1965 2/3: 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skilasvik.

Auk þess hefur hann 12 sinnum sætt á greiðslu sekta fyrir ölvun.

Með hliðsjón af 72. og 77. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákærði hefur í gærdag verið úrskurðaður í gæzluvarðhald. Er

samkvæmt 76. gr. hgnl. rétt, að vist þessi komi refsingu hans til frádráttar.

Eftir kröfu Herrahússins h/f verður ákærði dæmdur til greiðslu fébóta að fjárhæð kr. 1.500.00 og eftir kröfu Silla & Valda til greiðslu kr. 2.500.00 í bætur.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þórir Hávarðsson, sæti fangelsi 10 mánuði. Til frádráttar komi gæzluvarðhald 1 dagur.

Ákærði greiði Herrahúsinu h/f kr. 1.500.00 og Silla & Valda kr. 2.500.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 59/1965. **Samvinnuþryggingar**
(Sigurður Sigurðsson hdl.)

gegn

Skipaútgærð ríkisins
(Kristinn Sigurjónsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Lindal.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og afrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.